



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐinni, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11. Nóv. 1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

Reykjavík, 12. júní 2008

1. stjórnarfundur BLÍ, fimmtudaginn 12. júní kl. 17.15

Dagskrá

- Verkaskipting stjórnar
- Nefndaskipan
- Landsliðsmál U19 Akureyri
- Innsend/útsend bréf
- Önnur mál

Mæting: Jason Ívarsson, formaður. Stefán Jóhannesson boðaði forföll, Óskar Hauksson, Harald Ísaksen boðaði forföll, Svala Vignisdóttir, Hreggviður Norðdahl boðaði forföll. Sævar Már Guðmundsson ritaði fundinn. Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir boðaði forföll og Davíð Búi Halldórsson boðaði forföll.

Fundargerð

Verkaskipting stjórnar. Jason leggur til að Stefán verði varaformaður, Óskar gjaldkeri, Harald Ísaksen ritari og Davíð Búi meðstjórnandi. Samþykkt samhljóða.

Nefndaskipan

- ✓ Landsliðsnefnd; Stefán Jóhannesson og Harald Ísaksen stýra landsliðsnefnd. Undir nefndinni starfa tvær aukaneindir.
 - U19 nefnd í forsvari Óskars Haukssonar
 - U17 nefnd í forsvari Svölu VignisdótturNefndirnar verða, auk forsvarsmanna, skipaðar foreldrum leikmanna unglíngalandsliðanna og verða fyrstu fundir mjög fljótlega.
- ✓ Dómaranefnd; Jón Ólafur Valdimarsson verður áfram í forsvari nefndarinnar,
- ✓ Aganefnd; Hreggviður Norðdahl, Jón Gunnar Sveinsson og Þorvaldur Sigurðsson. Lagt er til að aganefnd verði óbreytt og það samþykkt.
- ✓ Yngriflokkanefnd; Ákveðið var að athuga með Aðalstein Eymundsson í forsvar fyrir nefndina. Athuga þarf með áframhaldandi setu Viðars Gylfasonar og Guðrúnar Kristínar Einarsdóttur. Emil Gunnarsson kemur inn frá Stjórnunni, Brynjar eða Ásta frá HK, einn frá KA og einn frá Þrótti Nes. Fyrsti fundur



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

nefndarinnar verður að vera fljótlega. Formaður BLÍ og framkvæmdastjóri munu sitja fundi nefndarinnar eftir þörfum.

- ✓ Fjölmíðlafulltrúa BLÍ: Stefán Jóhannesson
- ✓ Mótanefnd: Formaður er Sævar Már Guðmundsson fr.kv.stj.– Athuga þarf með tengiliði fyrir norðan og austan.
- ✓ Fjárhagsnefnd; Óskar Hauksson og Davíð Búi Halldórsson ásamt fleirum.

Landsliðsmál

- ✓ U19 mótið er í góðum farvegi.
- ✓ Karlalandsliðið stóð sig vel úti á Möltu og stjórn sendir hamingjuóskir til þjálfarans og liðsins.
- ✓ U17; fyrsta æfingin er búin.
- ✓ U19 æfingar hefjast um helgina

Innsend / útsend Bréf

- ✓ Bréf frá Ástu Gylfadóttir tekið fyrir. Jason Ívarsson tekur að sér að svara því.
- ✓ Bréf frá CEV þar sem tilkynnt er um að þar sem að FIVB ætlar að nota nýja MVA Mikasa boltann á ÓL í sumar þá verður hann einnig notaður í Evrópukeppni félagsliða á vegum CEV á næsta keppnistímabili.
- ✓ Bréf vegna fundar í DUBAI meðal Evrópuríkja
- ✓ Bréf vegna nýs manns í stjórn FIVB frá Evrópu og beðið um stuðning okkar.
- ✓ Útsend bréf voru m.a. vegna landsliðsmála, leikmannamála og svo framvegis

Önnur mál

- ✓ Sævar undirbýr samning við RÚV
- ✓ Mótagjöld munu hækka milli keppnistímabila
- ✓ Dómaragjöld munu hækka milli keppnistímabili – ákveðið að taka ákvörðun um gjöldin á næsta fundi í byrjun ágúst.
- ✓ Ákveðið að halda Formannafund með haustinu – dagsetning ákveðin á næsta fundi. Ákveðið að setja fram drög að Íslandsmóti á næsta fundi
- ✓ Norðurlandamót félagsliða – fer fram 26.-28. september – í höndum félaganna sem á keppnisrétt.
- ✓ Maltverjar eru að spá hvort að litlu þjóðirnar ættu að setja upp vetrarmót – t.d. á Möltu þar sem ódýr er gistingin og svoleiðis yfir veturinn.

Fleira var ekki rætt á fundinum

Fundi slitið kl. 18.27

Sævar Már Guðmundsson
Fundarritari